

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Grenivík í Grýtubakkahreppi.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2021/1

Forsíðumynd: Grenivíkurborg, mynd tekinn í norð-vestur.



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2021/1

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
GRENIVÍK.....	3
FORNLEIFASKRÁ.....	4
SAMANTEKT.....	8
HEIMILDASKRÁ.....	9

1. Inngangur

Skýrslu höfundur var beðinn að annast fornleifaskráningu á deiliskipulagi á Grenivík í Grýtubakkahreppi. Heildarstærð skipulagssvæðis er 13,7 ha. Í deiliskipulaginu er gert greint fyrir ýmsum framkvæmdum sem áætlað er að fari fram innan afmarkaðs svæðis. Til að mynda stofnun nýrra lóða, breytingar á lóðum, nýbyggingar, eldri mannvirki fjarlægð og ný byggð í staðinn.¹ Vettvangsathugun fór fram í fyrri hluta maí 2021. Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmanni fyrir leiðsögn um svæðið og góðar upplýsingar um staðarhætti og eldri mannvirki.

Verkefnisnúmer Minjastofnunnar Íslands: 2660.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.² Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.³

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

¹ Drög að deiliskipulagi íbúðarbyggðar og miðsvæðis á Grenivík

² Heimasíða Minjastofnunnar.

³ Heimasíða Minjastofnunnar.

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greiftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”⁴

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁵

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁶

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁷

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

⁷ Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁸

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 1998 til 2020 á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga, niðurhalsgögn frá Landmælingum Íslands.

Jafnframt var haft samband við heimildarmann sem þekkti vel til á svæðinu ásamt því að skoða skýrslu sem Minjasafnið á Akureyri lét gera af rituðum heimildum um menningarminjar í Grýtubakkahreppi.⁹

Að lokum var svo vettvangsvinna þar sem gengið var um svæðið skipulega. Þar sem ekki fundust neinar sýnilegar minjar á vettvangi þá var reynt að staðsetja þá staði á korti sem heimildir voru til um að mannvirki hafi staðið. Staðirnir voru svo hnitsettir með (ÍSN93) með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 2020 og upplýsingar skráðir um þá.

Þrátt fyrir að hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

4. Grenivík

Jörðin Grenivík er landnámsjörð og var það Þormóður Þorleifsson sem nam Grenivík og Hvallátur og ströndina alla út til Þorgeirsfjarðar. Hefur jörðin í gegnum tíðina þótt góð bújörð og árið 1712 var hún aðeins ein af sex jörðum í sjálfsábúð í sýslunni. Í jarðarmati frá 1847 var hún ásamt hjáleigunni Grenivíkurkoti metinn á 30 hndr. Árið 1891 eignaðist ríkið hana og var hún í eigu þess þangað til 1973 þegar Grýtubakkahreppur keypti hana.¹⁰

Í hinni miklu sjósókn um miðja 19. Öld var Grenivík aðalútgerðarstöðin og vegna útgerðarinnar óx þorp¹¹ upp úr aldarmótunum 1900 á jörðunum Grenivíkur og Svæðis.¹² Flestir Grenvíkingar höfðu landsnyttjar á jörðunum tveimur en um 1930 var landi jarðanna svo skipt á milli býlanna.¹³ Á tímabili var Grenivík sýslumannssetur, kirkja hefur verið á staðnum síðan 1886 en prestssetur var þar frá 1892-1927¹⁴ en þá var prestakallið sameinað Laufásprestakalli.¹⁵

⁸ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁹ Fornleifar í Grýtubakkahreppi, bls. 21.

¹⁰ Helgi, Jóhanna og Erlingur, MCMLXXXVI, bls. 90.

¹¹ Haukur, Jón og Steingrímur, MCMLXIII, bls. 188.

¹² Helgi, Jóhanna og Erlingur, MCMLXXXVI, bls. 90.

¹³ Haukur, Jón og Steingrímur, MCMLXIII, bls. 188.

¹⁴ Haukur, Jón og Steingrímur, MCMLXIII, bls. 188.

¹⁵ Helgi, Jóhanna og Erlingur, MCMLXXXVI, bls. 90.

Grenivíkurkot var hjáleiga og byggðist fyrst árið 1697 en fór svo í eyði 1847. Byggðist hún svo aftur á seinni hluta 19. aldar og var í byggð fram um 1940, var hún í heimatúninu á Grenivík.¹⁶

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að þar hafi bænhús verið nýlega byggt og hafi þjónustað heimamenn.¹⁷ Á veturnar sé útigangur á fé mjög misjafn og þurfi að fóðra fullorðið fé til helminga en lömb þurfi að fóðra að fullu, hestum sé komið fyrir annarsstaðar. Torfrista og stunga séu bjargleg, móskurður til eldiviðar sæmilegur og rifhrís til eldiviðarstyrks. Grastekja sé frekar lítil en jörðin eigi afréttarland að Leirdalsheiði sem kallist Grenivíkurtungur og selstöðu eftir munnælum í Hvamms landi. Úthaganir séu nægir en engjavegurinn í fjallið sé erfiður. Oft verði skaði á kvikfé vegna holgryfja, dýja og lækja. Silungsveiði sé lítil í Bárðartjörn en heimræði sé. Lending sæmileg en skipsuppsátur erfitt en aflinn góður.¹⁸ Rekavon sé en hafi þó ekki verið góð í mörg ár. Einnig er minnst á að hjáleigan Grenivíkurkot hafi byggst nokkrum árum áður og reiknist 1/5 allrar jarðarinnar.¹⁹

5. Fornleifaskrá

Ekki var hægt að greina á yfirborðinu neinar menningarminjar innan deiliskipulagsreitsins. Gamla bæjarstæðið á Grenivík er núna undir bílaplani norðan við kirkjuna²⁰ og því nokkuð utan svæðis. Ekki var til neitt túnakort af jörðinni Grenivík og þar af leiðandi ekki hægt að staðsetja nein mannvirki út frá því. Það voru þó fimm örnefni sem samkvæmt heimildarmanni²¹ voru nærri eða innan markanna sem reynt var að staðsetja á korti.

Fornleifanúmer: 2660-01

Hnit: A537474.0 N606116.0 ISN93

Hlutverk: Heimild

Tegund: Fjós

Samkvæmt örnefnaskrá þá er: „Norður af bænum Grenivík í túninu er stykki nokkurt, sem Fjósatunga heitir.”²² Samkvæmt heimildarmanni var Fjósatunga einhversstaðar á túninu norðan við kirkjuna engar leifar sjást í túni.

Í örnefnaskrá segir: „Eftir Hrossadal rennur lækur sá, er Grenivíurlækur heitir, og rennur hann rétt norðan við bæinn Grenivík og skiptist nokkuð neðan við bæinn og rennur í tveimur kvíslum til sjávar. Tungan á milli kvíslanna heitir Hesthústunga; allmikil geil er í sjávarbakkann, þar sem austari kvíslin kemur, og er hún kölluð Búðargil, en vestari kvíslin Kotslækur. Býlið

¹⁶ Jón Sigurðsson frá Yztafelli, 1954, bls.99.

¹⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 11 bindi, bls. 41.

¹⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 11 bindi, bls. 42.

¹⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 11 bindi, bls. 43.

²⁰ Björn A. Ingólfsson, Munnleg heimild.

²¹ Björn A. Ingólfsson, Munnleg heimild.

²² Grenivík, Örnefnastofnun, bls. 3.

Grenivíkurkot stendur rétt vestan við lækinn... Á sjávarbakkanum við Kotslækinn voru tóftir, er Ráðaleysi hét.²³

Samkvæmt heimildarmanni þá voru örnefnin Hesthústunga, Búðargil, Grenivíkurkot og Ráðaleysi öll staðsett mjög nærri sjávarbakkanum. Um kringum 1934 var stórt sjávarflóð sem tók allt að 30 m af sjávarbakkanum og því líklegt að í því hafi eitthvað af þessum stöðum horfið.²⁴

Fornleifanúmer: 2660-02

Hnit: A537266.3 N606049.0 ISN93

Hlutverk: Heimild

Tegund: Hesthús

Í örnefnaskrá er Hesthústunga sögð staðsett á milli Búðargils og austan við Grenivíkurkot. Þar sem staðsetning þessara tveggja örnefna er nokkurn veginn þekkt þá er Hesthústunga staðsett mitt á milli þeirra og lendir því í miðju þorpi og því mjög litlar líkur á að eitthvað sé eftir af hesthúsi sem hafi einhvern tíma staðið þar.

Fornleifanúmer: 2660-03

Hnit: A537236.7 N606157.8.4 ISN93

Hlutverk: Heimild

Tegund: Sjóbúðir

Samkvæmt heimildarmanni þá var Búðargil staðsett nokkur veginn á milli Ægissíðu 22 og 24 á Grenivík. Ekki sjást neinar leifar af mannvirkjum og ef svo hefur verið hafa þær líklega horfið í sjávarflóðinu 1934.

Fornleifanúmer: 2660-04

Hnit: A537206.9 N606067.6 ISN93

Hlutverk: Heimild

Tegund: Útihús

Að sögn heimildarmanns var Ráðaleysi íverustaður fjölskyldu sem átti ekkert heimili og fékk inni í fjárhúskofa. Það var líklega staðsett aftan við Ægissíðu 18 engar leifar sjást í garði eða sjávarbakka.

Fornleifanúmer: 2660-05

Hnit: A537175.6 N606003.0 ISN93

Hlutverk: Heimild

Tegund: Bæjarstæði

Grenivíkurkot hefur verið staðsett aftan við Ægissíðu 14 ekki sáust leifar í garði eða sjávarbakka.

²³ Grenivík, Örnefnastofnun, bls. 2-3.

²⁴ Björn A. Ingólfsson, Munnleg heimild.



Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir hluta af framkvæmdasvæðinu, mynd tekinn í norður.



nafn:	GRENIVÍK	teikn. 10.05.2021 hj	Skýringar:
	GRÝTUBAKKAHREPPUR	mælikv. 1:3000 í A4	Heimildir um fornleifar innan eða nærri afmarkaðs skipulagssvæðis.
 BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Öseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is Unnið eftir mynd nr. e524 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2017			

6. Samantekt

Þar sem jörðin Grenivík var landnámsjörð og í seinni tíð mikill útgerðarstaður þá eru til mikið af góðum heimildum um menningarminjar á svæðinu. Hins vegar hafa miklar breytingar átt sér stað á svæðinu bæði náttúrulegar og svo framkvæmdir af mannavöldum. Í byrjun síðustu aldar byrjaði þorpsmyndun við Grenivík vegna útgerðarinnar og í dag það er það orðið myndarlegt þorp. Ekki þykir líklegt að eitthvað af þeim menningarminjum sem stóðu þarna hafi náð að standa af sér slíkar framkvæmdir. Þar sem jarðvegsskipti eiga sér stað vegna byggingu steinsteyptra húsa, gatnagerð og aðrar aðgerðir sem fylgja nútíma hóbýlum. Einnig er talið að sjávarflóðið um 1934 hafi fjarlægt allt að 30 m af sjávarbakkanum en talið er að einhver af þeim eldri mannvirkjum sem talinn eru upp í skýrslunni hafi staðið á því svæði.

Afmarkað deiliskipulagssvæði er mjög þéttbýlt og erfitt að finna blett sem ekki hefur verið sléttður með nútíma vinnuvélum. Ekki sáust neinar minjar á svæðinu við vettvangsathugun, á loftmyndum né hafði heimildarmaður vitneskju um að svo væri. Reynt var þó að staðsetja á korti þá staði sem heimildir benda til að hafi verið mannvistarleifar á.

Mikilvægt er þó að hafa í huga að þrátt fyrir að ekkert hafi fundist á vettvangi þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 10. maí 2021.
Hákon Jensson

7. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Grýtabakkahreppur. Ellefta. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1988.

Drög að deiliskipulagi íbúðarbyggðar og miðsvæðis á Grenivík. (2021). Teiknistofa Arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. Íbúðarbyggð norðan Miðgarða á Grenivík.

Fornleifar í Grýtabakkahreppi, Svæðisskráning. Minjasafnið á Akureyri. Fornleifastofnun Íslands. 1996.

Haukur Ingjaldsson, Jón Sigurðsson og Steingrímur Baldvinsson (ritnefnd). (MCMLXIII). Byggðir og Bú, aldarminning Búnaðarsamtaka Suður-Þingeyinga í máli og myndum. Akureyri. Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingur Arnórsson (ritnefnd). (MCMLXXXVI). Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985. Búnaðarsamband-Þingeyjarsýslu.

Jón Sigurðsson frá Yztafelli: (1954). Lýsing Þingeyjarsýslu I. Ritsafn Þingeyinga II. Reykjavík. Helgafell.

Örnefnaskrár:

Grenivík. Grýtabakkahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Svæði 1. Samleskið GSM. Örnefnastofnun

Munnlegar heimildir:

Björn A. Ingólfsson, 1944, Grenivík.